

Lagt fram á hluthafafundi:

Síminn hf.,
kt. 460207-0880
Ármúla 25
108 Reykjavík

Haldinn þann 26. október 2022

Efni: Skýrsla stjórnar sbr. 33. gr. og 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Með vísan til ákvæða b-liðar 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Símans hf. skýrslu þessa fyrir hluthafafund í tengslum við tillögu um lækkun hlutafjár í félaginu. Stjórn félagsins leggur til að hlutafé félagsins verði lækkað að nafnverði kr. 2.900.000.000 með til greiðslu til hluthafa á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fyrirhuguð greiðsla til hluthafa er kr. 31.500.000.000.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk, svo sem sjá má í þeim uppgjörum sem birt hafa verið og stefnir í að afkoma ársins 2022 verði góð og má um það meðal annars vísa til kauphallartilkynningar sem birt var þann 30. september síðastliðinn, en eiginfjárlutfall var um 70% við lok árs 2021. Handbært fé var tæpir 3,5 milljarðar króna og vaxtaberandi skuldir voru 8,6 milljarðar króna. Óráðstafað eigið fé var tæpir 19 milljarðar.

Sölu Mílu lauk þann 30. september sl. þar sem Síminn fékk greitt í reiðufé 32,7 milljarða króna auk þess sem kaupandi gaf út framseljanlegt skuldabréf að fjárhæð 17,5 milljarðar króna. Við þessa breytingu verður lausafjárstaða mjög rúm og eiginfjárlutfall tæp 85%.

Það er mat stjórnar félagsins að slíkt eiginfjárlutfall sé mjög hátt og því rétt að færa hlutaféð niður og ná þannig fram betri fjármagnsskipan. Eftir fyrirhugaða niðurfærslu hlutafjár stendur Síminn í sambærilegri stöðu og hann gerði fyrir hlutafjárlækkunina. Staða Símans er þannig eftir sem áður sterk og eiginfjárlutfall enn mjög hátt eða um 73%. Skuldir eru lágar en komi til þess að félaginu vanti aukið fjármagn hefur félagið aðgang að allt að 7 milljörðum króna í formi langtímaláns, lánalínu og útgáfuramma vegna víxlaútgáfu. Í kjölfar útgreiðslu er það mat stjórnar að fjármagnsskipan sé hagfelldari fyrir hluthafa og betur í takti við markmið Símans um skuldsetningu.

Reykjavík, 3. október 2022

Þannig staðfest af stjórn félagsins:

Jón Sigurðsson
Formaður stjórnar

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
Varaformaður stjórnar

Bjarni Kristján Þorvarðarson
Meðstjórnandi

Björk Viðarsdóttir
Meðstjórnandi

Arnar Már Mátsson
Meðstjórnandi

Undirritunarsíða

Arnar Þór Másson

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Jón Sigurðsson

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Björk Viðarsdóttir